

Skólaráðsfundur haldinn á Eyrarbakka 12.mars 2010

Mætt eru: Arndís Harpa Einarsdóttir skólastjóri; Björg Einarsdóttir og Ívar Þór Elíasson fulltrúar nemenda; Ingibjörg Ársælsdóttir fulltrúi starfsfólks; Hildur Bjargmundsdóttir og Íris Grétarsdóttir fulltrúar kennara; Sveinn Rúnar Jónsson fulltrúi foreldra.

- 1) Harpa sagði frá afgreiðslu bæjarráðs á áskorun frá skólaráði varðandi snjómokstur og biðskýli (sjá fundargerð skólaráðs 4.des 2009). Kostnaður við uppsetningu biðskýla er 4 milljónir og verður það ekki gert að svo stöddu. Snjómokstur á stoppistöðvum verður hins vegar settur í forgang.

Harpa fór einnig stuttlega yfir meðferð skólanefndar á fundargerðum skólaráðs BES.

Önnur mál:

- 1) Nemendaráð fékk fyrirspurn frá nemendum í 6. og 7.bekk hvers vegna 6. og 7. bekkur fái ekki að vera inni í frímínútum líkt og eldri nemendur á Eyrarbakka. Svar nemendaráðs var á þá leið að þau vilja ekki breyta núverandi fyrirkomulagi. Rök fyrir því voru m.a. plássleysi inni í skóla og að nauðsynlegt er fyrir yngri nemendur að hreyfa sig og fá ferskt loft. Skólastjóri lagði til að nemendaráð myndi svara nemendum í 6. og 7. bekk formlega.
- 2) Harpa greindi frá eftirfarandi:
 - Nýbygging á Stokkseyri verður að öllum líkindum tilbúin um mánaðarmótin apríl-maí.
 - Núverandi 5.bekkur verður kyrr á Stokkseyri og verður því 6.bekkur á Stokkseyri haustið 2010.
 - Búið er að leggja til að núverandi rými skólabókasafns á Eyrarbakka verði breytt í sérkennsluver og að skólabókasafnið flytji yfir í Norðurkot.
 - Verið er að ráða sérkennara fyrir næsta vetur sem kemur til með að halda utan um alla sérkennslu í Barnaskólanum.
- 3) Harpa sagði frá starfi unglिंगaleikhússins. Mikil ánægja var með sýningarnar, leikstjórann og aðstæður í Gónhól. Fyrirhugað er að leikhópurinn verði með sýningar í Gónhól í sumar.
- 4) Stóra upplestrarkeppnin verður haldin á Stað á Eyrarbakka kl. 15 mánudaginn 15.mars.
- 5) Árshátíð skólans verður 26.mars og þemadagar 23.-25. mars
- 6) Sveinn greindi frá fjáröflunarhugmynd fyrir eldri nemendur skólans sem felur í sér að bjóða fólki í þorpunum upp á tölvuhreinsun. Sveinn bauðst til þess að framkvæma hugmyndina með nemendum.

Fundi var slitið 14:30.

Íris Grétarsdóttir ritaði fundargerð.